

Tálknafjarðarhreppur
Strandgata 38
460 TÁLKNAFJÖRÐUR

Garðabær, 8. ágúst 2023
Málsnúmer: 202306-0039
SS

Efni: Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps.

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 28. júní 2023, þar sem skipulagsfulltrúi Tálknafjarðarhrepps óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps 2006-2018.

Breytingin er á texta greinargerðar í kafla 2.2.3 um iðnaðarsvæði. Breytt er lýsingu á fiskeldi í landi Gil- og Eysteinsyrar, bætt við upplýsingum um framleiðslu og heildarbyggingarmagn á svæðinu. Í dag er leyfi fyrir 200 tonna hámarkslífmassa en til stendur að auka framleiðslu stöðvarinnar í 1000 tonn á ári.

Framleiðsluaukning Arnarlax í stöðinni á Gilseyri var tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem úrskurðaði þann 11. nóvember 2022 að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Náttúrufræðistofnun var ekki meðal umsagnaraðila fyrir matskyldufyrirspurnina.

Náttúrufræðistofnun veitti hins vegar umsögn um skipulagslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar þann 3. febrúar 2023. Í þeirri umsögn benti Náttúrufræðistofnun m.a. á að útskýra þyrfti betur hver umhverfisáhrif vatnsnotkunar eftir stækkun yrðu en fram kom í skipulagslýsingunni að engin breyting yrði á grunnvatnstöku miðað við núverandi notkun sem kemur á óvart miðað við áætlaða aukningu. Í greinargerð skipulagstillögunnar er þetta útskýrt betur og fram kemur að stefnt sé að 95-99% vatnsendurnýtingarhlutfalli og því ekki talin þörf á að auka vatnstöku með nýjum borholum. Jákvætt er að svo metnaðarfull áform séu um endurnýtingu vatns og vonandi mun það takast vel.

Í umsögninni var einnig bent á að horfa þarf til samlegðaráhrifa við aðra starfsemi í Tálknafirði þegar kemur að því að leggja mat á áhrif frárennslis á viðtaka. Þar má nefna landeldi við Norður-Botn, sjókvíaelði utar í Tálknafirði auk fráveitu frá þéttbýli. Lagt var til að þetta yrði skoðað í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar. Þá var bent á að afar mikilvægt væri að vakta ástand vatnshlots gaumgæfilega.

Fram kemur í greinargerðinni að stefnt sé að bættri hreinsun á frárennslisli sem ætti að tryggja einungis lítills háttar aukningu á losun mengunarefna. Umhverfisstofnun mun sinna árlegu eftirliti með fráveitunni. Í greinargerðinni er einnig fjallað stuttlega um samlegðaráhrif við eldið í Norður-Botni og talið að viðtakinn sé það brimasamur og með sterka strauma að lítil hættu sé á sammögnunaráhrifum en það er einnig háð því að áform um bættu hreinsun á frárennslisli á báðum stöðvum verði að veruleika. Í umhverfismati aðalskipulagsbreytingarinnar er gert ráð fyrir óverulegum áhrifum á lífríki fjöru og strandsjávar. Þess ber að gera að framkvæmdir vegna nýrra bygginga fyrir eldisker munu ekki valda frekari röskun á fjöru en þegar hefur orðið.



Náttúrufræðistofnun telur umfjöllun um umhverfisáhrif skipulagsbreytingarinnar greinargóða og raunsæja ef áform um bættu hreinsun og endurnýtingu vatns ganga eftir að fullu. Mikilvægt er að brugðist sé hratt við ef ummerki eru um óæskileg mengunaráhrif frá starfseminni.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

